

26.3.2018

Dear Sir/Ma'am,

I hope this message reaches you in the best of health.

My name is Mansoor Ahmad Malik and I am currently serving, most humbly, as the Imam and National President of the Ahmadiyya Muslim Community in Iceland.

Over the last few months, since the discussion of the proposed bill to ban the circumcision of young boys in Iceland has been introduced, I have had the opportunity to express my thoughts and feelings on this very misleading and uneducated bill and approach on this subject.

I have nothing but respect for the leaders of our country and authority in general. However, I most respectfully disagree with the stance that has been taken on this issue by the members of parliament, not based on my opinion, and as some may like to say based on my religious beliefs, but based on the medical evidence in support of male circumcision, which is overwhelming to say the least.

Doctors pledge to uphold the Hippocratic Oath under any circumstances, which states, among other things, "I will prevent disease whenever I can, for prevention is preferable to cure". Keeping in mind that infections such as UTI (urinary tract infection) are most common and severe in infancy, this debate seems to be rather hypocritical, especially with the support it has received from various doctors, who perhaps should be reminded of this oath they pledge to uphold; **to prevent disease, not to wait until it needs to be treated.**

Without prolonging the email, I have attached the articles I have written in relation to this and which were published online by Fréttablaðið. I most humbly request you to take a few moments out of your schedule and thoroughly read through these articles. The second article in particular is filled with medical references in relation to this subject.

I have also given the relevant links to the articles published online.

<https://www.frettabladid.is/skodun/umskurur-i-islam-ingoengu-fyrirmaeli-um-hreinlaeti>

<https://www.frettabladid.is/skodun/umskurur-ungra-drengia>

Thank you

Most respectfully

Mansoor Ahmad Malik
Imam & National President
Ahmadiyya Muslim Community Iceland

Umskurður í íslam – Eingöngu fyrirmæli um hreinlæti

Mikið hefur verið rætt að undanfögnu á Íslandi um að vilja banna umskurð ungra drengja. Eftir að hafa lesið umrætt frumvarp þykir mér það dálítið villandi. Einnig grunar mig samkvæmt því sem stendur í frumvarpinu að ástæðan fyrir þessari trúarlegu hefð sé ekki kunnug. Auðvitað er ég sammála sumum atriðum frumvarpsins eins og að leyfa ekki umskurð kvenna.

Jafnvel þótt þessi hefð sé frá því árpúsundum fyrir tíma íslams, get ég aðeins talað sem Múslimi fyrir íslam og hið íslamska sjónarmið og ástæðu þessarar hefðar – „Eingöngu fyrirmæli um hreinlæti“.

Þeim íslömsku fyrirmælum sem nefna umskurð fylgja fjölmargir aðrir hreinlætisþættir eins og það að snyrta skegg, klippa neglur, hreinsa tennur (nota tannþráð) og raka skapahár. Allt eru þetta hreinlætisaðgerðir að meðtöldum umskurði. Alvarlegur misskilningur er að ganga út frá því – jafnvel í eitt augnablik - að nokkur annar (illur) ásetningur liggja að baki þessari hefð.

Sem foreldrar tökum við fjölmargar ákvarðanir fyrir börn okkar dag hvern án þess nokkru sinni að spyrja börn okkar um sína skoðun, sitt val eða hvort þeim líki. Þessar ákvarðanir varða til að mynda hina einföldu ákvörðun um að klæða þau eða fara með þau í gönguferð sem getur meðal annars reynst skaðlegt heilsu barnsins þar sem það getur valdið hita og flensu þegar höfð eru í huga veðurskilyrði hér á Íslandi (ég býst því við að næsta frumvarp ætti að fjalla um að leggja bann við að fara með barn út í gönguferð) og fleiri flóknar ákvarðanir eins og það að senda þau í skóla; skóla sem VIÐ kynnum að telja betri en annan, stað sem fullur er af bakteríum og sýklum sem ógna heilsu barna okkar, gætu margir sagt! Við erum nú einu sinni að tala um heilsu barna okkar sem, samkvæmt frumvarpinu, sýnist vera eitthvað sem virðumst ekki sjálf hafa gengið í gegnum.

Rétt er það að sú lækisfræðilega aðgerð sem umskurður er getur valdið sýkingu ef hún er ekki framkvæmd á réttan hátt. Eftir stendur hins vegar spurningin um hvaða lækisfræðilega aðgerð sé undanþegin því. Er ekki venjan á Íslandi að foreldrar ákveði að senda barnið sitt til læknis til þess að fjarlægja háls- og nefkirtla án samþykkis barnsins? Föllum við ekki með ung börn okkar til læknisins í skoðanir og bólusetningar í frumbersku sinni með lækni öðru megin og hjúkrunarfræðing hinu megin sem stinga nálum í hvorn fótlegg, græta barnið, valda því óþægindum og jafnvel „áfalli“ að sögn sumra og segja einnig foreldrum að barnið kunni að þjást af hita gegnum nóttina? Erum við búin að ræða þetta fyrst við ungbarnið eða höfum við farið út í þetta sem varúðarráðstöfun gagnvart einhverju sem barnið gæti þjást af?

Meirihluti frumvarpsins virðist einblína á það sem snertir heilsu barnsins og ég sjálfur sem faðir fellst á að það er mikilvægasti þátturinn. Á hinn bóginn virðist þetta fremur hræsnisfullt þar sem ávinningurinn af umskurði gagnvart heilsunni, sem sannaður hefur verið af sérfræðingum á heilbrigðisviði, vegur mun þyngra. Umskornir karlmenn eru ólíklegri til að þjást af þvægfærasýkingum, kynsjúkdómum (sem ekki er einskorðað við drenginn heldur geta smitast til stúlkunnar), reðurvandamál og reðurkrabbamein. Fyrir utan þetta veitist hreinlæti einfaldara og auðveldara. Þrátt fyrir allt þá er jú *forvörn betri en lækning!*

Faðir minn var nýlega greindur með þarmakrabbamein og fékk alvarlega bakteríusýkingu sem varð að fjarlægja með skurðaðgerð. Raunar var ég einmitt að tala við föður minn í síma meðan verið var að innrita hann á sjúkrahús og þegar læknirinn kom til að tala við hann um ástandið. Eftir að hafa útskýrt aðgerðina nefndi hann í lokin áhættuna sem fylgdi aðgerðinni; dauða. Samt sem áður, vitandi að ávinningurinn vóg þyngra en áhættan, þá krafðist það ekki umhugsunar að fara í aðgerðina.

Hvað varðar fullyrðinguna um að „valda áfalli“ þá er ég, með allri virðingu, ósammála þessari hugmynd. Sem múslimi og einstaklingur sem hefur verið sjálfur umskorinn get ég borið því vitni - og ég er þess fullviss að milljónir á milljónir ofan um allan heim geta borið það sama - að það hefur ekki valdið þeim nokkrum sálrænum erfiðleikum. Í fullri hreinskilni man ég ekki eftir að hafa verið umskorinn, hvernig ég var umskorinn eða hversu sársaukafullt það var, ekkert!

Ég er því sammála og myndi hvetja til að slíkar aðgerðir séu framkvæmdar í viðeigandi umhverfi af fagfólki og svo fljótt sem auðið er eftir fæðingu drengs í stað þess að seinka því til hærri aldurs eins og „tíu ára aldurs“, sem aftur á móti er alls ekki að finna í íslömskum fyrirmælum. Að leggja hins vegar bann við slíku trúarlegu boði mun reynast mörgum múslimum og fylgjendum annarra trúarbragða sem iðka umskurn mikilli áþján. Og þetta getur leitt til þess að fólk framkvæmi slíkar aðgerðir sjálft í óviðeigandi umhverfi, hugsanlega til skaða fyrir barnið. Þess vegna hvet ég til að ekki verði lagt bann við slíku trúarlegu boði en að fremur verði fundnar leiðir til að gera aðgerðina öruggari og þægilegri: eitthvað sem finna má í mörgum öðrum löndum.

Að lokum, sem múslimi almennt og sérstaklega sem fulltrúi Ahmadiyya Múslimasamfélagsins á Íslandi, þá kennir íslam okkur að hlýða lögum landsins og þess vegna munum við verða bundin til að hlýða hverjum þeim lögum sem sett eru. Hins vegar, þar sem ég er ósammála þessu frumvarpi á grundvelli heilsu og öryggi barnsins þar sem umskurður er alfarið hreinlætisaðgerð, mun ég með fullri virðingu beita rödd minni til að mótmæla þessu.

Eftir

Mansoor Ahmad Malik
Imam & Landsformaður
Ahmadiyya Múslimasamfélags Íslands

Umskurður ungra drengja – samkvæmt Hippókratesareidnum

Hippókratesareidurinn sem tekinn er af læknum og þeir heita að virða undir öllum kringumstæðum segir meðal annars: „ég mun ekki gera neinum mein”. Undanfarna daga hefur sannarlega borið á þessum hluta eiðsins í tengslum við lagafrumvarp um bann við umskurði drengja. Fram hefur komið að margir lækna hér á landi styðji þetta frumvarp. Ég vil samt sem áður vekja athygli lesenda - og jafnvel lækna - á öðrum hluta sama eiðs, hluta sem er fólki kannski ekki eins kunnugur: „ég mun hindra sjúkdóm hvenær sem mér er unnt, því forvörn er betri en lækning”.

Nýverið hef ég orðið þess heiðurs aðnjótandi að eiga einhvers konar viðræður um málið við marga Alþingismenn, einkum þá sem styðja þetta frumvarp að meðtöldum þeim sem mæla fyrir því. Með allri virðingu var ég dálítið vonsvikinn með rök þeirra og þau gögn sem þeir framvísuðu. „Wiki“-slóð og greinar sem byggðar eru á persónulegri skoðun geta varla talist sönnunargögn, sama hversu oft einhver endurtekur: „það er einfaldlega enginn hagar í umskurði”. Þvert á móti hafa læknisfræðileg gögn, tölfræði og yfirlitsgreinar um slembiraðaðar samanburðarrannsóknir, sem segja má að séu sterkasta framsetning læknisfræðilegra gagna, sannað hið gagnstæða.

Það er mikil blessun að eiga vini og kunningja á sviði læknisfræðinnar. Þeir hafa deilt með mér hafsjó af þekkingu um þetta málefni og vil ég nota þetta tækifæri til að tjá þeim öllum þakklæti mitt. Lítum nú á nokkrar tölfræðilegar upplýsingar.

Í vísindagrein sem mikið hefur verið vitnað í og birtist í einu virtasta læknatímariti heims kemur fram að umskurður karla er vörn gegn fjölda heilsufarsvandamála að meðtöldu krabbameini í kynfærum. Í greininni kemur einnig fram að áhættu-/ávinningsgreining leiðir til þeirrar niðurstöðu að kostir umskurðar karlanna séu 100 á móti 1 ókosti. Greiningin leiddi ennfremur í ljós að helmingur allra umskorinna karla mun upplifa skaðleg áhrif á heilsufar sitt vegna forhúðar.

<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/24702735/>

Umskurður karla ver þá gegn margs konar kynsjúkdómum, þ.á.m. sárasótt, kynfæraherpes (HSV-2), linsæri og HPV-sýkingu (human papilloma virus). Umskurður karla veitir yfir 60% vörn gegn HIV. Þrjár stórar slembirannsóknir sem framkvæmdar voru í Afríku, sunnan Sahara, sýndu ítrekað að umskurður karla veitir örugga vernd gegn HIV-sýkingu.

<https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0025619614000366?via%3Dihub>

<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/11089625>

Umskurður karla er einnig vörn gegn krabbameini í getnaðarlim og, í minna mæli, krabbameini í blöðruhálskirtli.

<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC3734995/>

Þar að auki virðist umskurður karlmannna minnka hættu á krabbameini maka eða bólfélaga. Allsherjargreining sem samanstendur af 14 rannsóknum staðfesti að umskurður karla tengdist áhrifamikilli vörn gegn leghálskrabbameini.

<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/19126309>

<http://srh.bmj.com/content/familyplanning/35/1/5.full.pdf>

Einhverjir gætu bent á að nokkrar þessara rannsókna voru framkvæmdar á svæðum í Afríku eða í vanþróuðum löndum. Raunveruleikinn er hins vegar sá að við horfumst í augu við svipð vandamál hér á Vesturlöndum einnig. MBL sagði frá því í maí 2017, skv. Embætti Landlæknis að HIV og aðrir kynsjúkdómar væru í sókn. Ég myndi segja að HIV sé æði alvarlegur sjúkdómur þegar barist er gegn honum í litlu landi eins og Íslandi. HPV er önnur veira sem fundist hefur meðal kvenna hér á landi. Umskurður getur verið mikilvægur þáttur í að stjórna, ef ekki draga umtalsvert úr sumum sjúkdómum.

https://icelandmonitor.mbl.is/news/politics_and_society/2017/05/19/cases_of_hiv_double_in_iceland/

Samkvæmt gögnum sem birt voru af ICO (upplýsingamiðstöð um HPV og krabbamein) í júlí 2017 greinast 14 konur með leghálskrabbamein á Íslandi á hverju ári og tvær látast árlega af þeim sökum. Vel er kunnugt að HPV er beinn valdur leghálskrabbameins (og orsakar 77% af ífarandi leghálskrabbameini) og einnig endaparms-, getnaðarlíms-, munnhols-, legganga- og kvenskapakrabbameins.

Andstætt þeim yfirlýsingum að umskurður sé limlesting er sannað með mörgum áreiðanlegum, vísindalegum rannsóknum að hann dregur úr útbreiðslu krabbameinsvaldandi HPV-veira. Umskurður er því ómissandi viðbót við fræðslu, notkun smokka og bólusetningar til að draga úr sýkingar- og dánartíðni sökum sjúkdóma eins og HPV og HIV, bæði á lands- og alþjóðavísu.

http://www.hpvcentre.net/statistics/reports/ISL_FS.pdf

Auk framangreindra sýkinga eru engin aldurstakmörk á sýkingum í þvagfærum meðal óumskorinna karlmannna. Þvagfærasýkingar eru algengastar og alvarlegastar á fyrstu sex mánuðunum í lífi barns. Umskurður nýbura veitir umfangsmikla vörn gegn hættu á þvagfærasýkingum á fyrstu mánuðunum í lífi þeirra.

<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/16140703>

http://pediatrics.aappublications.org/content/116/3/644?sso=1&sso_redirect_count=1&nftatus=401&nftoken=00000000-0000-0000-0000-000000000000&nftstatusdescription=ERROR%3a+No+local+token

Brian Morris prófessor og fleiri sérfræðingar á þessu sviði framkvæmdu gagnrýna greiningu á umfangsmiklum gögnum í því skyni að komast að niðurstöðu um hvaða aldur væri bestur til að framkvæma umskurð. Þetta varð til þess að þeir mæla með umskurði

snemma á barnsaldri, með leyfi foreldra, í stað þess að fresta umskurði þar til drengurinn er orðinn nógu gamall til að ákveða það sjálfur. Þeir halda því fram að umskurður í frumbersku sé auðveldari, ódýrari, hentugri, feli í sér staðdeygingu (fremur en með fullri svæfingu sem hefur í för með sér ákveðna áhættuþætti) og leiði til skjótari bata og betri árangurs m.t.t. útlits.

<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/22373281>

<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC3359221/>

Alvarlegir fylgikvillar umskurðar eru afar sjaldgæfir, bæði hjá ungabörnum og fullorðnum. Flestir fylgikvillar eru tæknilegir, minniháttar og auðveldlega meðhöndlaðir. Rannsókn á 1.400.920 umskornum drengjum sýnir að hlutfall skaðlegra fylgikvilla umskurðar var um 0,5% meðal ungbarna.

<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC4578797/>

Ábyrgðarfullt uppeldi krefst þess að foreldrar ákveði hvað er best fyrir börnin þeirra. Það á einnig við um að verja þau fyrir sýkingum og krabbameini. Að bíða fram á unglings- eða fullorðinsár til að leyfa karlmanni að ákveða sjálfur rænir hann ekki einungis öllum þeim kostum sem aðgerðin veitir í barnæsku hans og á unglingsárum, heldur gerir hann á sama tíma varnarlausan gagnvart aukinni hættu á fylgikvillum og óþægindum.

<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC4978617/>

Umskurður nýfæddra drengja er bæði siðferðilegur og löglegur og nýtur stuðnings í Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Því hefur verið haldið fram að túlka megi grein 24(3) í Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem fyrirskipun um umskurð, þar sem það að umskera ekki drengi hefur verið talið skaðlegt heilsu þeirra. Þegar áhrif umskurðar nýfæddra drengja á samfélagið og einstaklinginn eru könnuð, einkum varðandi líkur á neikvæðum fylgikvillum, verður ljóst að þessi framkvæmd er ekki brot á mannréttindum.

https://www.stonybrook.edu/commcms/bioethics/_pdf/TheEthicsofCircumcisionofMaleInfants.pdf

Að lokum, eins og fram kemur í fyrri grein minni, er algengt að foreldrar á Íslandi taki þá ákvörðun að láta fjarlægja hálskirtla úr ungum börnum sínum til að losna við mein; mein sem einfaldlega má meðhöndla með sýklalyfjum. Enginn vafi leikur á því að hlutverk hálskirtla er mun mikilvægara gagnvart lífi og heilsu fólks heldur en forhúðin. Áhættur umskurðar eru ítarlega kynntar þótt framangreindar rannsóknir staðfesti að þessar hættur séu býsna sjaldgæfar. Kirtlataka getur hins vegar haft í för með sér hættulegar aukaverkanir, mun fleiri og alvarlegri vandamál en þau sem tengjast umskurði.

<http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/jpc.13745/full>

Spurning mín er einföld: af hverju erum við svona vandlát? Umskurður drengja er ekki einu sinni algeng framkvæmd hér. Ég hef ekki séð eina einustu tilvísun eða skýrslu sem

inniheldur áreiðanlega, læknisfræðilega tölfraði í tengslum við þetta mál hér á Íslandi. Samkvæmt rökum þessa frumvarps, ætti þá ekki fyrst að ræða um kirtlatöku á börnum „án þeirra samþykkis“, sem auðveldlega má meðhöndla með sýklalyfjum og sem gegna mun mikilvægara hlutverki í lífi þeirra og heilsu? Ætti þá ekki að refsa slíkum foreldrum sem láta framkvæma og samþykkja þess háttar aðgerð? Ég er alls ekki að leggja það til þar sem ég lít svo á að sem foreldrar hafi þau rétt til að taka upplýstar ákvarðanir varðandi velferð barna sinna. Mér þykja hins vegar rökinn fyrir þessu frumvarpi fela í sér að þetta mál skuli rætt fyrst þar sem kirtlataka er mun almennari hér.

Ef umræðan væri einhliða og ef einungis væri hægt að finna gögn um áhættur umskurðar gæti ég sætt mig við stöðuna og myndi reyndar styðja frumvarpið. Sú er hins vegar alls ekki raunin. Læknisfræðileg gögn sem styðja umskurð, ekki einungis sem almenna reglu heldur fyrir ungabörn sérstaklega, segir allt sem segja þarf og að sniðganga slík rök er ekki hægt að dæma sem annað en algjöra fáfræði. Gleymum ekki Hippókratesareiðnum sem lækna heita að virða og lifa eftir: *“Ég mun hindra sjúkdóm hvenær sem ég mér er unnt, því forvörn er betri en lækning”*.

Eftir

Mansoor Ahmad Malik

Imam og Landsformaður

Ahmadiyya Múslimasamfélags Íslands